

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóður Samtaka um tónlistarhús og Ruthar Hermanns nr. 270/2012, með síðari breytingu nr. 44/2024.

1. gr.

Samþykktar hafa verið eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins:

2. gr. skipulagsskrárinnar verður svohljóðandi:

Höfuðstóll sjóðsins var myndaður af peningum og öðrum eignum Samtaka um tónlistarhús og arfi Ruthar Hermanns og nam upphæðin við stofnun 111.816.663 kr. - eittundraðogellefumilljóniráttahundruðogsextánþúsundsexhundruðsextíuogþrjár-. Höfuðstóll sjóðsins 100.000.000 kr. -eittundraðmilljónir- er óskerðanlegur.

3. gr. skipulagsskrárinnar verður svohljóðandi:

Megintilgangur sjóðsins er að efla íslenskt tónlistarlíf með stuðningi við fjölbreytt tónleikahald í Hörpu, almenningi til heilla. Sjóðurinn veitir árlega styrki fyrir tónleika í Hörpu. Lögð er áhersla á að styrkja ungt og framúrskarandi tónlistarfólk. Sjóðstjórn getur haft frumkvæði að einstökum úthlutunum. Jafnframt er sjóðstjórn heimilt að styrkja verkefni sem skipulögð eru af dagskrárteymi Hörpu, samkvæmt samkomulagi þar um.

4. gr. skipulagsskrárinnar verður svohljóðandi:

Tekjur sjóðsins eru: vaxtatekjur, gjafir, áheiti og önnur frjáls framlög til sjóðsins. Sjóðurinn tók til starfa á vígsludegi Hörpu í maí 2011.

7. gr. skipulagsskrárinnar verður svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm aðilum sem tilnefndir eru til fjögurra ára í senn. Félag íslenskra hljómlistarmanna (FÍH), Félag íslenskra tónlistarmanna (FÍT), Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar (STEF), Sinfóníuhljómsveit Íslands og Harpa, tilnefna einn aðalmanng og einn til vara.

Stjórnin skiptir með sér verkum og kýs formann sjóðsins, ritara og gjaldkera. Stjórn sjóðsins annast rekstur hans, hefur umsjón með eignum og ber ábyrgð á ávöxtun hans. Heimilt er sjóðstjórn að semja við utanaðkomandi um að annast vörslu sjóðsins og fjárreiður hans. Jafnframt gerir stjórn áætlanir um tekjur og gjöld sjóðsins. Nú fellur stjórnarmaður frá, verður ófær um að gegna stjórnarstörfum eða segir sig frá þeim, tekur þá varamaður sæti hans tímabundið þar til tilnefndur hefur verið nýr aðili.

10. gr. skipulagsskrárinnar verður svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins úthlutar styrkjum úr sjóðnum. Úthlutun úr sjóðnum skal að jafnaði fara fram einu sinni á ári. Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum í fjölmiðlum og með öðrum sannanlegum hætti. Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um tilgang og hlutverk sjóðsins, helstu atriði sem litið er til við mat á umsóknum og hvar umsóknareyðublöð sé að finna. Þá skal tilgreindur umsóknarfrestur og hvenær umsóknir verði afgreiddar. Umsóknum skal skilað á umsóknareyðublöðum sjóðsins, þar sem koma upplýsingar um umsækjanda og verkefni. Verði ekki af styrktum tónleikum, fellur styrkloforð niður. Hafi styrkur verið greiddur að hluta ber styrkþega að endurgreiða hann.

12. gr. skipulagsskrárinnar verður svohljóðandi:

Með sömu skilyrðum og greinir í 11. gr. má leggja sjóðinn niður. Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans skiptast jafnt milli Sinfóníuhljómsveitar Íslands og tónlistardeildar Listaháskóla Íslands.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Samtaka um tónlistarhús og Ruthar Hermanns staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Vestfjörðum, 4. mars 2026.

Thelma Dögg Theodórsdóttir.

Helga Haraldsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 18. mars 2026